

Föstudaginn 18. desember 1998.

Nr. 224/1998.

Kæruneftnd jafnréttismála

f. h. Ólínu Torfadóttur

(Örn Höskuldsson hrl.)

gegn

Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

(Árni Vilhjálmsson hrl.)

Jafnrétti. Stöðuveiting. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1998. Hann krefst þess í fyrsta lagi, að dæmt verði, að ráðning Þórsteins Ragnarssonar í stöðu forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma 1. janúar 1995 hafi verið ólögmat, og í öðru lagi, að stefndi verði dæmdur til að greiða Ólínu Torfadóttur skaðabætur, að fjárhæð samtals 9.859.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. janúar 1995 til 2. september 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta er risið af umsókn Ólínu Torfadóttur, hjúkrunarforstjóra við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, um stöðu forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sem auglýst hafði verið laus frá og með 1. janúar 1995, og þeirri ákvörðun stjórnar stefnda á fundi hennar 29. nóvember 1994 að veita stöðuna Þórsteini Ragnarssyni, þáverandi forstöðumanni Óháða safnaðarins í Reykjavík og deildarstjóra viðskiptadeildar Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Er málið höfðað af kæruneftnd jafnréttismála að ósk Ólínu á grundvelli VI. kafla laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla,

en nefndin hafði 26. júní 1995 ályktað einróma, að þessi veiting stöðunnar færi í bága við ákvæði 2. tl. 1. mgr. 6. gr. þeirra laga, sem bannar atvinnurekendum að mismuna starfsfólki eftir kynferði við ráðningu í starf, sbr. og 8. gr. laganna.

Málavöxtum er ýtarlega lýst í héraðsdómi. Eins og þar greinir, leitaði stjórn stefnda eftir umsóknum um starf forstjóra í október 1994 með auglýsingu frá ráðningarþjónustu í Reykjavík, þar sem kröfur um menntun og þekkingu umsækjenda voru ekki skilgreindar með öðru en skírskotun til stöðunnar sjálfrar, en skilyrði sett um viðtæka stjórnunarreynslu og góða tungumálakunnáttu. Stjórn stefnda hafði ákveðið, að endanlegt val í starfið færi fram með kosningu á almennum fundi hennar. Fól hún þriggja manna framkvæmdastjórn sinni að vinna úr þessum umsóknum með faglegrri aðstoð ráðningarþjónustunnar og gera tillögu um menn, sem kosið yrði um. Úr hópi umsækjenda, sem urðu 33 talsins, voru þannig fyrst valdir 13 menn, er helst töldust koma til greina, og var Ólína Torfadóttir meðal þeirra. Voru þeir allir kvaddir til viðtals við framkvæmdastjórnarmenn, sem staðfest hafa fyrir dómi, að þessir umsækjendur hafi allir virst hæfir til að gegna stöðunni. Að viðtölunum loknum varð það einróma niðurstaða framkvæmdastjórnarmanna og varamanna þeirra, sem þá komu einnig að málinu, að rétt væri að leggja fyrir stjórnina í heild nöfn fimm umsækjenda, er valið yrði úr. Voru þeir allir karlar, og varð Þórsteinn Ragnarsson endanlega fyrir valinu við kosningu á milli þeirra. Fram er komið, að hinir fjórir hafi meðal annars átt það sameiginlegt að hafa reynslu af safnaðarstarfi og setu í sóknarnefndum eða störfum með þeim.

II.

Í héraðsdómi greinir frá umsóknum Ólínu Torfadóttur og Þórsteins Ragnarssonar um stöðu forstjóra ásamt því, hverjum kostum þau máttu teljast búin til að gegna henni. Ótvírætt er samkvæmt gögnum málsins, að Ólína hafi að minnsta kosti verið jafnhæf Þórsteini og þeim fjórum mönnum öðrum, sem um var kosið á stjórnarfundum stefnda. Á það verður ekki fallist, að efni hafi verið til að skilja hana frá kosningu á þeirri forsendu, að hún hefði takmarkaða reynslu af starfi safnaða eða sóknarnefnda, bæði vegna þess, að á þetta var ekki lögð áhersla, þegar staðan var auglýst, og svo hins, að

hún hafði sjálf verið tengd kirkjulegu starfi um árabíl sem eiginkona þjónandi prests. Að auki hafði umsjón með athöfnum í sambandi við andlát og útfararþjónustu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri verið þáttur í starfi hennar þar um langt skeið. Á þessu síðastnefnda var ekki vakin athygli í umsókn hennar, og það mun ekki hafa borið sérstaklega á góma í viðtali hennar við framkvæmdastjórn, en um það virðist ekki við hana að sakast.

Eigi að síður var það ákvörðun aðalmanna og varamanna í framkvæmdastjórn stefnda að hafna Ólínu við val á umsækjendum, sem kosið yrði um. Var henni ekki veittur kostur þess til jafns við þá karla, sem valdir voru, að leggja umsókn sína í dóm stjórnarinnar sjálfrar. Í því voru fólgin alvarleg mistök, sem meta verður á þann veg, að henni hafi verið mismunað við ráðninguna í starfið í skilningi 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, svo að viðhlítandi verði talið, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til þessarar mismununar. Af því leiðir, að viðurkenna verður, að málsmeðferð stjórnar stefnda við ráðningu í starf forstjóra stofnunarinnar hafi brotið í bága við rétt Ólínu Torfadóttur. Hafi hin endanlega ákvörðun um veitingu stöðunnar verið háð þessum annmarka og ólögmat að því leyti.

Ákvörðun stjórnarinnar um að láta val á forstjóra ráðast af kosningu á milli umsækjenda fór annars ekki í bága við umrædd lög, enda leysti hún stefnda ekki undan kvöðinni um að gæta þess jafnréttis, sem lögnum er ætlað að vernda. Í málinu skortir á glöggar upplýsingar um feril og hæfni annarra úr hópnum en þess, sem endanlega var valinn, og verður stefndi að bera halla af því, sbr. 8. gr. laganna. Hins vegar hefur hann lýst því, hvaða sjónarmið hafi mestu ráðið við kosninguna að hans mati, svo sem rakið er í héraðsdómi. Þurfa þau ekki að hafa verið ómálefnaleg, eins og starfsemi stofnunarinnar og hlutverki er háttað. Að þessu athuguðu er ekki unnt að fullyrða, hver úrslit kjörsins hefðu átt að verða að fullnægðum kröfum laganna um jafnrétti umsækjenda.

Samkvæmt því er ekki unnt að ákvarða Ólínu Torfadóttur skaðabætur á þeim grundvelli, að hún hafi orðið af stöðunni vegna brots á lögum nr. 28/1991, sbr. 22. gr. þeirra. Ber þannig að sýkna stefnda af bótakröfu hennar í málinu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Málsmeðferð stjórnar stefnda, Kirkjugarða Reykjavíkur-
prófastsdæma, við veitingu á stöðu forstjóra stofnunarinnar
frá og með 1. janúar 1995 braut gegn lögum nr. 28/1991 um
jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Stefndi á að vera sýkn af bótakröfu áfrýjanda, kærunefndar
jafnréttismála, vegna Ólínu Torfadóttur.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 450.000 krónur í málskostn-
að í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Haralds Henryssonar og Péturs Kr. Hafstein

Áfrýjandi gerir í máli þessu kröfu um, að ráðning Þórsteins Ragn-
arssonar í stöðu forstjóra stefnda 1. janúar 1995 verði dæmd ólög-
mæt. Er krafan á því reist, að Ólína Torfadóttir hafi verið hæfari en
Þórsteinn, bæði að því er varðar menntun og reynslu, og hafi með
ráðningunni verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 um jafna
stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Málið liggur því þannig fyrir,
að ekki eru efni til að bera saman starfshæfni Ólínu Torfadóttur og
þeirra fjögurra umsækjenda, sem auk Þórsteins var kosið um í
stjórn stefnda. Við úrlausn málsins ber að leggja til grundvallar val
milli þeirra tveggja.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var framangreint starf auglýst
með þeim hætti, að stjórn stefnda hafði nokkurt svigrúm við mat á
umsækjendum. Ekki var áskilin sérstök menntun, en tekið fram, að
viðtæk stjórnunarreynsla væri skilyrði og leitað væri að einstaklingi,
sem hefði menntun og þekkingu til að takast á við þetta starf. Ljóst
er af gögnum málsins, að endanlegt val stjórnar stefnda réðst af því,
að hjá Þórsteini Ragnarssyni sameinaðist menntun og reynsla á
rekstrar- og stjórnunarsviði annars vegar og á sviði kirkju- og safn-
aðarstarfs hins vegar. Verður að telja, að hann hafi að þessu leyti

staðið Ólínu Torfadóttur mun framfar. Þegar litið er til verkefna stefnda, starfssviðs forstjóra og auglýsingar um starfið verða sjónarmið stefnda við ráðninguna talin hafa verið eðlileg og málefnaleg. Með það í huga, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms, teljum við rétt að staðfesta hann. Þá teljum við eðlilegt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. mars 1998.

Mál þetta er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af kærunefnd jafnréttismála, kt. 660691-2009, Pósthússtræti 13, Reykjavík, f. h. Ólínu Torfadóttur, kt. 201142-6289, Garðastræti 36, Reykjavík, gegn Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma, kt. 690169-2829, Fossvogi, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 2. september 1997.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að ráðning Þórsteins Ragnarssonar, kt. 250951-6719, Fannafold 176, Reykjavík, í stöðu forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma 1. janúar 1995 hafi verið ólögmat.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða Ólínu Torfadóttur 9.859.000 kr. með vöxtum skv. 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. janúar 1995 til 2. september 1997, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvöxtum verði bætt við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 2. september 1998.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda eru aðallega um sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að fjárkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda samkvæmt málskostnaðar-reikningi.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 10. febrúar sl. Gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, áður en dómur var kveðinn upp.

I.

Málsatvik.

16. október 1994 birtist í Morgunblaðinu auglýsing um, að starf forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) væri laust til umsóknar. Í auglýsingunni sagði, að forstjórinn hefði yfirumsjón með allri starfsemi stofnunarinnar samkvæmt lögum um kirkjugarða. Tekið var fram, að leitað væri að einstaklingi, sem hefði menntun og þekkingu til að takast á við

þetta starf. Algjört skilyrði var og, að umsækjandi hefði viðtæka stjórnunarreynslu. Loks var þess getið, að góð tungumálakunnátta væri nauðsynleg, enska og eitt Norðurlandamál. Starfið skyldi veitt frá 1. janúar 1995.

Með bréfi, dags. 26. október 1994, sótti Ólína Torfadóttir, kt. 201142-6289, hjúkrunarforstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Garðastræti 36, Reykjavík, um stöðuna. Í umsókninni getur Ólína um fjölskyldu sína, menntun, störf, persónulega eiginleika og áhugamál. Umsókninni fylgdi og ýtarleg ferilsskrá ásamt starfsúmsögn Halldórs Jónssonar, bæjarstjóra á Akureyri, en hann var áður forstjóri Fjórðungssjúkrahússins. Fleiri gögn fylgdu umsókninni, svo sem prófskírteini og ýmiss konar vottorð.

Umsækjendur um stöðuna voru 33, þar af þrjár konur. Voru fyrst af hálfu stefnda valdir þrettán umsækjendur, sem boðaðir voru til viðtals við framkvæmdastjórn stefnda. Var Ólína í þeim hópi. Að viðtölum loknum voru fimm umsækjendur valdir til þess, að stjórn stefnda gæti valið á milli þeirra í leynilegri kosningu. Var það gert á stjórnarfundum 29. nóvember 1994 og ákveðið með þessum hætti að ráða Þórstein Ragnarsson, cand. theol.

Ólína taldi, að hún væri hæfari en sá, sem ráðinn var í stöðuna, og kærði ráðninguna til kærunefndar jafnréttismála 9. desember 1994. Vísaði Ólína til menntunar, starfsferils og umsagna.

Ólína lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1962, prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands árið 1974, B.Sc.-prófi í gjörgæsluhjúkrun í Vårdhögskolan í Lundi árið 1979, B.Sc.-prófi í viðskipta- og hagfræði frá Háskólanum í Lundi árið 1989, fil.cand.-prófi í stjórnun frá sama skóla 1990 og B.Sc. í hjúkrun frá Háskóla Íslands 1993. Auk þess hefur hún sótt ýmis námskeið, flest á sviði heilbrigðismála og stjórnunar. Ólína vann við kennslu á árunum 1963–1971 við hjúkrun, einkum gjörgæsluhjúkrun, bæði í Lundi og á Íslandi á árunum 1974–1982 og við stjórnun í Háskólasjúkrahúsinu í Lundi 1982–1986. Frá 1986 hefur hún starfað sem hjúkrunarforstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Þórsteinn Ragnarsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1971 og brautskráðist úr guðfræðideild Háskóla Íslands árið 1978. Hann lauk þriggja missera námi í viðskipta- og rekstrarfræðum frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands vorið 1991. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið á sviði tölvumála. Hann var deildarstjóri yfir viðskiptadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1984 til 1995. Hann starfaði sem sóknarprestur 1978 til 1984. Árið 1985 til 1995 var hann forstöðumaður Óháða safnaðarins.

Kærunefnd jafnréttismála skilaði niðurstöðu sinni 26. júní 1995. Var niðurstaða kærunefndar sú, að með ráðningu Þórsteins Ragnarssonar í starf forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma hefði stjórn KGRP brotið

gegn ákvæðum 2. t. l. 1. mgr. 6. gr. jafnréttislaga nr. 28/1991, sbr. 8. gr. sömu laga. Beiðni kærufnd þeim tilmælum til stjórnar KGRP, að fundin yrði viðunandi lausn á málinu, sem kærandi gæti sætt sig við.

Óformlegar samningaviðræður aðila leiddu ekki til lausnar málsins, og hefur kærufnd jafnréttismála að ósk Ólínu Torfadóttur höfðað mál þetta á hendur stefnda til viðurkenningar á rétti hennar svo og til greiðslu skaðabóta og miskabóta.

Fjárkröfur í málinu eru studdar mati dómkvaddra matsmanna samkvæmt matsgerð, dags. 3. júlí 1997.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur, að með ráðningu Þórsteins Ragnarssonar í starf forstjóra KGRP hafi verið brotinn réttur á Ólínu Torfadóttur skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hún hafi bæði betri menntun og meiri starfsreynslu en Þórsteinn. Hún hafi bæði próf frá Hjúkrunarskóla Íslands og Háskóla Íslands í hjúkrun og auk þess próf í viðskipta- og hagfræðum frá Háskólanum í Lundi og hafi leyfi til þess að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing. Hún hafi verið í stjórnunarstöðu með mikilli ábyrgð sl. ellefu ár, þar sem reynt hafi á stjórnunarhæfileika hennar, m. a. þar sem undir stjórn hennar séu átján hjúkrunardeildir auk ræstinga- sviðs. Heyri undir stjórn hennar um það bil 300 manns.

Þórsteinn Ragnarsson hafi próf í guðfræði frá Háskóla Íslands. Hann hafi sótt námskeið í viðskiptafræðum í þrjú misseri við Endurmenntunarstofnun háskólans. Hann hafi og verið starfandi prestur frá 1978 til 1995. Hann hafi starfað sem deildarstjóri viðskiptadeildar hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1984 til 1995. Augljóst sé, að Ólína hafi bæði betri menntun, meiri stjórnunarreynslu og sé hæfari til að gegna starfi forstjóra KGRP. Hafi ekki verið sýnt fram á, að Þórsteinn Ragnarsson hafi til að bera einhverja hæfileika umfram Ólínu. Stefndi hafi ekki heldur sýnt fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans við ráðningu í starf forstjóra KGRP. Stefnandi telur stefnda hafa brotið gegn jafnréttislögum og sé því skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

Til undirbúnings kröfugerð í málinu hafi verið beðið um mat tveggja sérfróðra og óvilhallra matsmanna til þess að meta það fjárhagslega tjón, sem Ólína verði fyrir við það að vera ekki ráðin í starf forstjóra KGRP, og láta í té rökstutt álit um tjón Ólínu vegna mismunandi launakjara, tapaðra lífeyrisréttinda og um beinan kostnað hennar af því að starfa á Akureyri, en búa í Reykjavík og halda heimili á báðum stöðum og hver sé beinn kostn-

aður Ólínu við að ferðast á milli Akureyrar og Reykjavíkur einu sinni í viku.

17. maí 1996 voru þau Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur og Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur kvödd á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur til þess að vinna hið umbeðna mat. Skiluðu matsmenn niðurstöðu sinni 3. júlí 1997. Dómkröfur stefnanda eru reistar á niðurstöðum matsins, sem eru í aðalatriðum svohljóðandi:

Höfuðstólsverðmæti tekjutaps Ólínu	kr. 2.995.000
Höfuðstólsverðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	– 475.000
Höfuðstólsverðmæti kostnaðar af búsetu	– 1.210.000
Höfuðstólsverðmæti ferðakostnaðar	– 4.179.000.
	<hr/>
Alls	kr. 8.859.000
Miskabætur	– 1.000.000.
	<hr/>
Samtals	kr. 9.859.000

sem eru stefnufjárhæð máls þessa.

Tekjutap Ólínu vegna brots stefnda sé reiknað út af hlutlausum, óvilhöllum matsmönnum 2.995.000 kr. Þar af leiðandi tapi hún hluta lífeyrisréttinda, sem matsmenn hafa reiknað út, að nemi 475.000 kr. Ólína starfar á Akureyri, en býr í Reykjavík. Býr og fjölskylda hennar í Reykjavík. Þurfi hún því í raun að halda tvö heimili, annað í Reykjavík, en hitt á Akureyri. Þá hafi hún mikinn kostnað af ferðalögum á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Telur hún nauðsynlegt, að hún fari til síns heima um hverja helgi. Af þessu tvöfalda heimilishaldi og ferðalögum milli heimilanna hafi hún kostnað, sem hún þyrfti ekki að bera, hefði hún fengið starf forstjóra KGRP. Beri stefnda að bæta Ólínu tjón hennar að fullu. Fjárhæð tjónsins sé útreiknuð af dómkvöddum matsmönnum, og hafi mati þeirra ekki verið hnekktt. Þá hafi stefndi valdið Ólínu miska, sem honum beri að bæta henni með fégjaldi. Henni hafi verið sýnt virðingarleysi. Niðurlægjandi sé fyrir hana, að gengið var fram hjá henni við ráðninguna. Það hafi valdið henni þjáningum, sem verði að bæta henni. Þá hafi þáverandi lögmaður stefnda haft eftir framkvæmdastjórnarmönnum stefnda, að þeim hafi fundist hún fráhrindandi, „aggressiv“, ekki boðið af sér mikla kurteisi eða lipurð eða ekki verið „sympatísk“. Þá hafi verið gefið í skyn, að fleiri en framkvæmdastjórn stefnda teldi hana ekki hæfa, þar sem hún hefði sótt um stöðu forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og stöðu framkvæmdastjóra Hjúkrunarfélags Íslands, en ekki fengið. Þá hafi hún ekki skilning á virku kostnaðaradhaldi. Þessi afstaða stefnda og ummæli séu bæði niðrandi og særandi fyrir Ólínu, og beri stefnda að bæta henni fégjaldi skv. 22. gr. laga nr. 28/1991.

Um aðild vísar stefnandi til 21. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 20. gr. sömu laga, en Ólína hafi óskað eftir því, að kærunefnd jafnréttismála annaðist málsókn fyrir sína hönd. Um vexti vísar stefnandi til 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 svo og um dráttarvexti til III. kafla sömu laga. Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga, sbr. og 4. tl. 129. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og þurfi því að fá dóm fyrir fjárhæð skatts þessa á hendur stefnda.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um atvik máls, að stjórn stefnda ráði forstjóra samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Á fundi stjórnar stefnda í maí 1994 hafi verið samþykkt tillaga um að fela framkvæmdastjórn, sem í eiga sæti þrír menn og þrír til vara, að undirbúa ráðningu nýs forstjóra, en þá hafi verið ljóst, að starfandi forstjóri myndi sökum aldurs láta af störfum um áramót 1994/1995.

Framkvæmdastjórnarmenn hafi leitað til Guðna Jónssonar, ráðgjafar- og ráðningarþjónustu, og falið honum að auglýsa eftir umsækjendum í starfið, og auk þess var samið um ráðgjöf af hálfu Guðna Jónssonar. Auglýsing um starfið hafi birst í Morgunblaðinu 16. október 1994, og lauk umsóknarfresti 28. s. m. Af hálfu framkvæmdastjórnarmanna hafi verið lögð á það áhersla við Guðna, að ekki yrði gerð krafa um ákveðna menntun, svo sem viðskipta-, stjórnunar- eða guðfræðimenntun, þar sem einkum væri leitað að einstaklingi, sem gæddur væri þeim mannkostum og hæfileikum, er nauðsynlegir væru til að rækja umrætt starf. Að þessu virtu hafi verið afráðið að orða auglýsinguna með almennum og „opnum“ hætti. Þar segir m. a.:

„Forstjóri hefur yfirumsjón með allri starfsemi stofnunarinnar skv. lögum um kirkjugarða. Leitað er að einstaklingi, sem hefur menntun og þekkingu til að takast á við þetta starf. Algjört skilyrði, að viðkomandi hafi víðtæka stjórnunarreynslu.“

Með þessu hafi verið ætlunin að lágmarka hættuna á því, að annars hæfum umsækjendum yrði bægt frá hinu auglýsta starfi. Jafnframt átti að tryggja það, að stjórn stefnda hefði frjálsar hendur við mat á þeim einstaklingum, sem myndu sækjast eftir starfinu.

Eins og rakið sé í bréfi lögmanns stefnda til stefnanda, dags. 31. janúar 1995, hafi 33 umsækjendur sótt um starfið. Þar af hafi verið þrjár konur, ein af hverjum ellefu umsækjendum. Framkvæmdastjórnarmenn stefnda hafi farið yfir allar umsóknir og valið síðan með faglegrri aðstoð Guðna Jónssonar þrettán einstaklinga til frekari skoðunar. Meðal þeirra voru tvær konur

(ein af hverjum 6,5), þar á meðal Ólína Torfadóttir. Framkvæmdastjórnarmenn hafi átt viðtöl við alla þessa þrettán umsækjendur dagana 16. og 17. nóvember 1994 og ritað hjá sér persónulega minnispunkta um hvern umsækjanda. Ljóst sé, að margir þessara umsækjenda voru vel hæfir til að gegna starfi forstjóra stefnda, að því er varðaði menntun, þekkingu og reynslu.

Að viðtölum loknum hafi það verið niðurstaða framkvæmdastjórnarmanna svo og varamanna þeirra, en meðal þriggja varamanna séu tvær konur, að bera upp við stjórn stefnda á fundi, sem boðað hafði verið til 29. nóvember 1994, fimm umsækjendur til að velja úr. Atkvæðagreiðsla hafi farið fram með þeim hætti, að fyrst voru greidd atkvæði um þá alla, en þar sem enginn hafi fengið hreinan meiri hluta atkvæða, var kosið á milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði fengu í fyrri umferð. Áður hafði Guðni Jónsson gert umsækjendum grein fyrir því, hvernig yrði staðið að valinu, og jafnframt hafi þeim verið gefinn kostur á að draga umsóknir sínar til baka. Enginn hafi gert athugasemd við þessa málsmeðferð. Í síðari umferð hafi meiri hluti stjórnarmanna stefnda valið séra Þórstein Ragnarsson sem næsta forstjóra fyrirtækisins. Þórsteinn gegni starfinu enn. Vísar stefndi til endurrits fundargerðar af fundi frá 29. nóvember 1994 til nánari upplýsinga um málsmeðferð á fundinum.

Þórsteinn Ragnarsson varð cand. theol. frá Háskóla Íslands árið 1978. Hann var vígður sóknarprestur það ár að Miklabæjarprestakalli í Skagafirði og gegndi því starfi fram til ársins 1985. Þá varð hann prestur Óháða safnaðarins í Reykjavík. Jafnframt veitti hann forstöðu viðskiptadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en þar hafði hann umtalsverð mannaforráð. Þórsteinn lauk störfum sínum hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur í lok janúar 1995 og fyrir Óháða söfnuðinn í lok apríl sama ár. Hann hefur jafnframt lokið þriggja missera námi í rekstrar- og viðskiptafræðum við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Í kjölfar ráðningar Þórsteins hafði Guðni Jónsson samband við aðra umsækjendur og greindi þeim frá niðurstöðunni. Öllum umsækjendum um stöðuna voru endursendar umsóknir ásamt bréfi með þakklæti fyrir sýndan áhuga.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að umsókn Ólínu Torfadóttur um starf forstjóra stefnda hafi ekki verið hafnað sökum kynferðis hennar, enda sé Þórsteinn Ragnarsson hæfari til að gegna umræddu starfi en Ólína Torfadóttir. Stefndi hafi því ekki gerst brotlegur við ákvæði laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 36/1993 sé kirkjugarðsstjórn „heimilt að ráða

. . . framkvæmdastjóra, er hafi á hendi umsjón og eftirlit samkvæmt erindisbréfi, sem kirkjugarðsstjórn setur“. Í reglugerð fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma nr. 241/1995, sem sett sé með stoð í 51. gr. áðurnefndra laga, segir í 1. mgr. 5. gr., að kirkjugarðsstjórn ráði forstjóra, sem sjái um daglegan rekstur kirkjugarðanna, annast ráðningu lausráðins starfsfólks og sjái um framkvæmdir í samráði við framkvæmdastjórn samkvæmt erindisbréfi, sem kirkjugarðsstjórn setur. Um framkvæmdastjórn stefnda eru sérstök ákvæði í 8.–11. gr. reglugerðarinnar. Bent er á, að hvorki í lögum nr. 36/1993 né reglugerð nr. 241/1995 séu gerðar sérstakar hæfiskröfur til framkvæmdastjóra kirkjugarða.

Tekið er fram, að kirkjugarðsstjórn hafi ekki enn sett starfandi forstjóra stefnda erindisbréf í samræmi við lagaskyldu þar um. Hann starfi því innan ramma laga nr. 36/1993 og reglugerðar nr. 241/1995 í samræmi við óformlega starfslýsingu og þau fyrirmæli, sem framkvæmdastjórn og kirkjugarðsstjórn setja hverju sinni. Telja verði, að í lögnum nr. 36/1993 og í reglugerð nr. 241/1995 megi auðveldlega greina þau nánú tengsl, sem séu milli reksturs stefnda og kirkjulegra málefna. Af öllu ofangreindu verði ráðið, að starf forstjóra stefnda einkennist annars vegar af hefðbundnum stjórnunarskyldum stjórnanda atvinnufyrirtækis og hins vegar af því sérstaka rekstrarumhverfi, sem stefndi búi við sökum eðlis þeirrar starfsemi, er um ræðir.

Stefndi vísar til þess, að sökum haldgóðrar menntunar í viðskipta- og rekstrarfræðum við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands ásamt tíu ára stjórnunarreynslu sem deildarstjóri viðskiptadeildar Rafmagnsveitu Reykjavíkur sé Þórsteinn hæfari en Ólína til að sinna hinum rekstrarlega þætti starfs forstjóra stefnda. Lögð er áhersla á það, að stjórnunarreynsla Ólínu sé á sérhæfðu sviði, en eins og fram komi í stefnu, sé hún starfandi hjúkrunarforstjóri. Samkvæmt 5. tl. 29. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu sé það framkvæmdastjóri hvers sjúkrahúss, „sem sér um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggur og samhæfir rekstur hennar þannig, að fyllstu hagkvæmni sé gætt. . . . Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar á öllum málefnum, er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvæðanir“. Hjúkrunarforstjóri sé hins vegar einungis til ráðgjafar um rekstrarákvæðanir á sínu sviði með sama hætti og yfirlæknir.

Þá er bent á af hálfu stefnda, að guðfræðimenntun Þórsteins Ragnarsonar og víðtæk þekking hans og reynsla af kirkjulegu starfi og safnaðarstarfi, en hann var vígður til prests árið 1978 og starfaði sem sóknarprestur á árunum 1978 til 1985 og safnaðarprestur Óháða safnaðarins frá þeim tíma til ársins 1995, séu afar mikils virði í starfi forstjóra stefnda. Eigi það við,

hvort sem horft sé út á við til samskipta hans við viðskiptavini stefnda, sem eðli máls samkvæmt séu einkum syrgjendur, eða inn á við til samskipta hans við kirkjugarðsstjórn og framkvæmdastjórn stefnda sem og safnaðar-nefndir, útfararstofur og biskupsstofu. Bent er á, að starfsemi stefnda ein-kennist mjög af alvarlegu umhverfi og þeim sérstöku aðstæðum, sem skap-ast við andlát fólks, jarðarfarir og greftrun þess. Enda þótt guðfræðimennt-un hafi ekki verið skilyrði fyrir veitingu starfs forstjóra stefnda, telur stefndi, að slík menntun og umfram allt reynsla af safnaðar- og kirkjustarfi séu þættir, sem ótvírætt skipi Þórsteini framar í flokk umsækjenda en Ól-ínu.

Í ljósi þess, sem komið hafi fram hér að framan, mótmælir stefndi rétt-mæti þeirrar forsendu kærunefndar jafnréttisráðs fyrir álitinu 26. júní 1995, að mátt hafi ætla, „að guðfræðimenntun hefði ekki átt að skipta sér-staklega máli, þegar ráðið var í starfið, enda ekki gert að skilyrði í auglýs-ingu um það“. Þótt í auglýsingunni hafi ekki verið gerð sérstök krafa um guðfræðimenntun, þá er ljóst, að reynsla á sviði kirkju- og safnaðarstarfa hafi verið ákaflega æskileg, enda leitað að einstaklingi, sem m. a. hefði „þekkingu til að takast á við þetta starf“.

Tekið er fram, að fjórir af þeim fimm umsækjendum um starfið, sem endanlega var valið úr, höfðu mikla reynslu af störfum innan sóknarnefnda eða með sóknarnefndum. Var af hálfu stefnda litið svo á, að þessi reynsla væri afar gagnleg og hefði mikil áhrif, en auk þess litið til þekkingar um-sækjenda á starfsemi stefnda. Þessi atriði hafi ráðið miklu um endanlegt val umsækjenda, og þegar litið sé til menntunar þeirra tveggja, sem á fundi stjórnar stefnda 29. nóvember 1994 hafi fengið flest atkvæði, sé ljóst, að þessi atriði hafa ráðið meira en menntun og prófgráður. Þá hafi valið staðið á milli fimm karlmannna, eins og nánar verði vikið að hér á eftir. Þá heldur stefndi því fram, að auglýsingin, sem birtist í Morgunblaðinu 16. október 1994, geti aldrei haft annað og meira gildi en vera til hliðsjónar, þegar metið sé, hvaða eiginleikum leitað var eftir í fari umsækjenda. Hér beri að sjálf-sögðu að líta til starfa forstjóra stefnda, eins og þau eru í raun samkvæmt lögum og öðrum reglum, og meta með hliðsjón af þessum þáttum, eftir hvaða eiginleikum stefndi mátti leita í fari umsækjenda.

Verði litið svo á, að stefndi hafi við ráðningu Þórsteins Ragnarssonar í starf forstjóra brotið gegn ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafn-an rétt kvenna og karla, er til þess vísað af hálfu stefnda, að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl brotsins og þess tjóns, sem haldið sé fram, að Ól-ína hafi orðið fyrir. Til að sýna fram á nauðsynleg orsakatengsl að þessu leyti þurfi stefnandi í samræmi við almennar reglur um sönnun að sýna

fram á með nægilegum líkum, að ef Þórsteinn hefði ekki verið ráðinn forstjóri stefnda, hefði hún fengið starfið í hans stað, eða, ef Ólína hefði komist í fimm manna úrtak stefnda, hefði hún fengið starfið. Tekið skal fram í þessu sambandi, að málsástæður stefnanda eru ekki skýrar um það, hvar hið ætlaða brot liggur, hvort það felist í ráðningu Þórsteins eða því, að Ólína hafi ekki verið meðal þeirra fimm útvöldu, sem kosið var um innan stjórnar stefnda. Ljóst sé, að af hálfu stefnanda sé málið ekki nægilega upplýst að þessu leyti til. Virðist stefnandi gera ráð fyrir því sem gefnum hlut, að ef takist að sanna brot stefnda gegn jafnréttislögum nr. 28/1991, sé hann að sama skapi bótaskyldur gagnvart Ólínu Torfadóttur. Þetta sé hins vegar að sjálfsögðu ekki rétt, heldur þurfi stefnandi að auki að sanna saknæma og ólögmeta háttsemi stefnda, að sýna fram á tjón og orsakatengsl milli þess og brotsins. Að ætluðu tjóni Ólínu Torfadóttur sé vikið síðar.

Stefndi heldur því fram, að jafnvel þótt Þórsteinn Ragnarsson hefði ekki verið ráðinn í starf forstjóra stefnda, hefði Ólína Torfadóttir ekki verið meðal þeirra, sem næst komu til greina. Staðreyndin sé sú, að a. m. k. fjórir umsækjendur auk Þórsteins af umsækjendunum þrettán, sem teknir voru í viðtal, voru að mati framkvæmdastjórnar stefnda taldir hæfari til að gegna starfinu en Ólína. Ástæða sé til að rekja lauslega menntun og reynslu þessara umsækjenda, en af tillitssemi við þá sé nafnleyndar gætt að svo stöddu. Nöfn þeirra hafa af þessari ástæðu verið afmáð af endurriti fundargerðar stjórnar, sem lögð sé fram í málinu.

A. Viðtæk stjórnunarreynsla, áralöng formennska í sóknarnefnd í Reykjavík, seta í stjórn stefnda.

B. Viðtæk starfs- og stjórnunarreynsla.

C. Cand. juris frá Háskóla Íslands, viðtæk starfs- og stjórnunarreynsla, áralöng formennska í sóknarnefnd.

D. Cand. oecon. frá Háskóla Íslands, viðtæk starfs- og stjórnunarreynsla, seta í sóknarnefnd frá 1986.

Þegar að því kom að ráða forstjóra stefnda, hafi endanlegt val staðið á milli Þórsteins Ragnarssonar og A, og hafi eitt atkvæði greint þá að, þegar upp var staðið.

Stefndi bendir á, að aðrir umsækjenda auk Þórsteins hafi þá eiginleika, sem æskilegt sé, að forstjóri stefnda búi yfir í ríkara mæli en Ólína Torfadóttir. Eigi það við, hvort sem einblínt sé á þá eiginleika, sem auglýst var eftir í Morgunblaðinu 16. október 1994, svo sem menntun, þekkingu og stjórnunarreynslu, og enn fremur, ef litið sé til raunverulegra starfsskyldna forstjóra stefnda, sbr. það, sem áður hafi komið fram. Samkvæmt almennum sönnunarreglum sé það hlutverk stefnanda að sanna orsakatengsl milli brots stefnda og þess tjóns, sem er grundvöllur skaðabótakröfunnar.

Í annan stað megi augljóslega af ofangreindu ráða, hversu lítil áhersla hafi í raun verið lögð á menntun og prófgráður, þegar valið var á milli umsækjenda. Eins og áður sagði, stóð endanlegt val á milli Þórsteins Ragnars-sonar og A. Telja verði, að af þeim fimm, sem komust í endanlegt úrtak hjá stefnda, hafi þessir tveir haft fremur litla menntun á viðskipta- og stjórn- unarsviði og annar þeirra, A, hugsanlega minnsta skólamenntun af öllum umsækjendum, sem til greina komu í starfið. Megi því með rökum halda því fram, að aðrir hafi, hlutlægt séð, verið hæfari til að gegna starfinu en þeir, sem flest atkvæði fengu. Þannig sé það ljóst, að við val á forstjóra stefnda hafi Þórsteinn og jafnframt A verið teknir fram yfir menn, sem hafa meiri menntun en þeir, einkum þegar litið sé til hinna auglýstu eiginleika, án þess að kynferði hefði ráðið þar nokkru um, en eins og fram hefur komið, voru þessir fimm allir karlmenn. Telur stefndi, að með þessu sé sýnt fram á, að kynferði hafi ekki ráðið því, að Ólína Torfadóttir fékk ekki um- rætt starf, heldur hafi stefndi einfaldlega litið svo á, að aðrir umsækjendur væru henni hæfari. Hafi reynsla þeirra af kirkjulegu starfi og þekking á málefnum stefnda ráðið þar mestu um.

Verði ekki fallist á ofangreindar málsástæður stefnda, er því haldið fram af hans hálfu, að tjón Ólínu Torfadóttur sé með öllu ósannað í málinu. Stefnumkrafa málsins styðjist við mat dómkvaddra matsmanna, og sé krafist bóta vegna tekjutaps, tapaðra lífeyrisréttinda, kostnaðar af búsetu og ferða- kostnaði. Að auki sé krafist miskabóta. Verður nú vikið að þessum atriðum í rétttri röð.

Stefndi mótmælir forsendum matsgerðar hinna dómkvöddu manna fyrir tekjutapi sem röngum, en þar séu borin saman laun nýráðins forstjóra stefnda og Ólínu Torfadóttur, eins og þau voru í janúar 1995. Í bréfi lög- manns stefnda til kærunefndar jafnréttismála komi fram, að þegar auglýst var eftir forstjóra stefnda í Morgunblaðinu 16. október 1994, hafi einungis verið auglýst eftir einstaklingi í það starf, en á því tímamarki hafi ekki verið uppi hugmyndir um, að sá, sem yrði ráðinn í starfið, myndi gegna stöðu framkvæmdastjóra Útfararstofu Kirkjugarðanna, Fossvogi (ÚK). Tekið er fram, að óljóst hafi þá verið enn, hver yrði mannaflapörf og hvernig best yrði komið fyrir stjórnun ÚK, enda ekki búið að koma fullu skipulagi á reksturinn á þessu fyrsta starfsári hennar. Kynning á starfi forstjóra stefnda af hálfu ráðningarrþjónustu Guðna Jónssonar hafi verið í samræmi við þetta, og hið sama verði sagt um kynningu af hálfu fulltrúa stefnda.

Svo sem fyrr sagði, var hinn nýi forstjóri stefnda valinn á fundi kirkju- garðsstjórnar 29. nóvember 1994. Var þar jafnframt samþykkt, að fram- kvæmdastjórn yrði falið að gera ráðningarsamning við hann. Skömmu síð-

ar, í byrjun desember 1994, hafi komið upp hugmyndir um það, að ef til vill mætti einfalda stjórnun stefnda og ÚK með því að hafa sömu menn í framkvæmdastjórnnum beggja fyrirtækja, og var óskað eftir því við forstjóra stefnda, að hann tæki að sér að gegna stöðu framkvæmdastjóra ÚK samhliða starfi fyrir stefnda. Varð það niðurstaðan, og gegndi forstjóri stefnda jafnframt starfi framkvæmdastjóra ÚK frá 1. apríl 1995 til 31. desember 1996, en þá lét hann tímabundið af því starfi vegna íhlotunar samkeppnisyfirvalda.

Laun Þórsteins Ragnarssonar, forstjóra stefnda, hafa frá upphafi, þ. e. frá 1. janúar 1995, verið hin sömu, og hafi þau ekki hækkað við það, að hann tók á sig aukna starfsábyrgð með starfi framkvæmdastjóra ÚK 1. apríl 1995. Hann hafi ekki verið laus undan starfsskyldum sínum á öðrum vettvangi fyrr en í lok apríl 1995. Verði því að telja ljóst, að tekið hafi verið mið af báðum stöðugildunum við ákvörðun launa hans frá upphafi. Með vísan til þessa telur stefndi sýnt fram á, að ekki sé réttmætt að bera saman laun Þórsteins Ragnarssonar og Ólínu Torfadóttur, eins og þau voru í janúar 1995, enda sé hluti af launum Þórsteins endurgjald fyrir starf, sem ekki sé deilt um í máli þessu, þ. e. starf í þágu ÚK. Í þessu sambandi hafi það grundvallarþýðingu, að launakjör þau, sem í boði voru fyrir hið auglýsta starf, voru lægri en þau, sem Ólína hafði í starfi sem hjúkrunarforstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, en eins og fram kom í máli lögmanns stefnda í samtali við kærunefnd jafnréttismála, hefði Ólína lækkað í launum, ef hún hefði verið ráðin í starf forstjóra stefnda. Stefndi telur því, að tjón hennar sé því ekki neitt af þessum sökum.

Þá liggur það fyrir, að hefði Ólína á sínum tíma verið ráðin í starfið, sé alls óvíst, að atvik hefðu orðið með þeim hætti, að hún myndi jafnframt gegna starfi framkvæmdastjóra ÚK. Bent er á, að í álitni kærunefndar jafnréttismála virðist gert ráð fyrir því, að guðfræðimenntun skipti sérstöku máli við rækslu þess starfs, og fá sjónarmið stefnda stóð í álitni nefndarinnar að því leyti til. Stefndi telur því, að í forsendum matsgerðar hinna dómkvöddu manna hafi verið réttara að miða við laun þess forstjóra stefnda, sem lét af störfum um áramót 1994/1995, en þau voru lægri en það, sem matið miðaðist við, eða þá heildarlaun núverandi forstjóra að frádregnum 25%. Hvert sem hið rétta viðmið sé, hljóti það að minnsta kosti að vera ljóst, að ekki sé rétt að miða við heildarlaun forstjóra stefnda fyrir störf annars vegar sem forstjóra stefnda og hins vegar sem framkvæmdastjóra ÚK, heldur beri að miða við verulega lægri fjárhæð. Með vísan til þess hljóti samanburður á launum Ólínu Torfadóttur í janúar 1995 og þeim launum, sem hún hefði líklegast fengið í starfi sem forstjóri stefnda, ávallt að vera henni óhliðhollur í máli þessu.

Kröfu stefnanda vegna höfuðstólsverðmætis tapaðra lífeyrisréttinda Ólínu Torfadóttur er mótmælt með vísan til þess rökstuðnings, sem fram kemur hér að framan, enda sé krafan samkvæmt þessum lið reiknuð sem hlutfallstala af höfuðstólsverðmæti hins ætlaða tekjutaps.

Pá er sérstaklega mótmælt kröfum um bættan þann kostnað, sem Ólína Torfadóttir hafi af því að starfa á Akureyri og halda þar heimili. Er fullyrt, að sá kostnaður sé stefnda með öllu óviðkomandi, enda njóti krafa stefnanda að þessu leyti ekki verndar samkvæmt skaðabótareglum. Ólína hafi sjálf, væntanlega í samráði við fjölskyldu sína, valið að starfa á Akureyri, og þurfi hún í samræmi við það að bera kostnað, sem af því hlýst. Pá sé því af sömu sökum með öllu hafnað, að stefnda verði gert að greiða kostnað við ferðir Ólínu milli Akureyrar og Reykjavíkur. Er þar vísað til þess, að Fjórðungssjúkahuísið á Akureyri greiði Ólínu tvær ferðir í hverjum mánuði fram og til baka milli Akureyrar og Reykjavíkur, á meðan hún eigi lögheimili í Reykjavík, eins og fram kemur í bréfi Inga Björnssonar, framkvæmdastjóra Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og Ólínu Torfadóttur til launadeildar, dags. 20. janúar 1994. Það sé því ljóst, að Ólína eigi þess kost að hitta fjölskyldu sína aðra hverja helgi án aukinna útgjalda og að nauðsyn þess, að hún fari til síns heima hverja helgi, fari algerlega eftir eigin mati hennar.

Pá er því mótmælt, að skilyrði séu í máli þessu til að dæma sérstakar miskabætur, sbr. t. d. H. 1993, 2230, og H. 1997, 1008.

Til stuðnings kröfu sinni um sýknu vísar stefndi til laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og reglugerðar fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma nr. 241/1995. Jafnframt er vísað til 5. tl. 29. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Enn fremur er vísað til almennrar meginreglu skaðabótaréttarins, sakarreglunnar. Málskostnaðarkrafa stefnda styðst við XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er tilgangur laganna að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Samkvæmt 6. gr. laganna er atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það m. a. um ráðningu, setningu eða skipun í starf skv. 2. tl. 1. mgr. Kærunefnd jafnréttismála komst að þeirri niðurstöðu í álitinu 26. júní 1995, að með ráðningu Þórsteins Ragnarssonar í starf forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma hefði stjórn KGRP brotið gegn ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, sbr. 8. gr. sömu laga. Mál þetta er höfðað á grundvelli 21. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 skal atvinnurekandi sýna fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans um ráðningu í starf. Þótt sönnunarregla þessi eigi við um meðferð mála fyrir kærunefnd jafnréttismála, en ekki fyrir dómstólum, verður að telja, að stefnda beri að sýna fram á, að Ólínu Torfadóttur hafi ekki verið mismunað vegna kynferðis, er fram hjá henni var gengið við ráðningu, þegar litið er til menntunar hennar og starfsreynslu.

Svo sem fram er komið, fól stjórn stefnda framkvæmdastjórn stefnda að undirbúa ráðningu nýs forstjóra. Leitað var til Guðna Jónssonar, ráðgjafar- og ráðningarpjónustu, og honum falið að auglýsa eftir umsækjendum í starfið, og auk þess var samið um faglega ráðgjöf af hans hálfu. Auglýsing um starfið birtist í Morgunblaðinu 16. október 1994, og segir þar svo: „Forstjórinn hefur yfirumsjón með allri starfsemi stofnunarinnar samkvæmt lögum um kirkjugarða. Leitað er að einstaklingi, sem hefur menntun og þekkingu til að takast á við þetta starf. Algjört skilyrði, að viðkomandi hafi viðtæka stjórnunarreynslu. Góð tungumálakunnátta er nauðsynleg, enska og eitt Norðurlandamál.“

Jóhannes Pálmason, stjórnarformaður stefnda, sem einnig er í framkvæmdastjórn stefnda, skýrði frá því fyrir dómi, að úrvinnsla umsókna, forkönnun, hafi farið fram hjá Guðna Jónssyni, sem hafi lagt fyrir framkvæmdastjórn umsóknir þrettán aðila úr 33 manna hópi, sem hann taldi eðlilegt, að teknir yrðu í viðtal og unnið út frá. Af hálfu framkvæmdastjórnarinnar hafi það verið grundvallarforsenda, að þeir, sem kæmu til greina í þetta starf, yrðu að hafa góða þekkingu á tölvumálum, tölvubókhaldi og reynslu af slíku sem og allri áætlanagerð. Þá hafi skipt máli, að menn hefðu almenna og góða þekkingu á kirkjulegum málefnum, en það hafi ekki verið skilyrði í auglýsingu. Þegar framkvæmdastjórnarmenn höfðu borið saman bækur sínar að loknum viðtölum við umsækjendur, hafi nánast verið einhugur um úrtak þeirra fimm aðila, sem allir voru karlmenn og kosid var um. Allir áttu það sameiginlegt að hafa þekkingu á kirkjulegu starfi og höfðu átt sæti í sóknarnefndum og einnig þekkingu og reynslu af stjórnunarstörfum. Ólína hafi hins vegar skýrt frá því í viðtali, að hún hefði ekki mikla þekkingu eða reynslu af störfum við tölvubókhald, það væri ekki hluti af daglegum störfum hennar. Þá hafi komið fram hjá henni, að hún hefði ekki þekkingu á starfsemi kirkjugarðanna né vissi hún um þá umfjöllun, sem þá var í fjölmiðlum um málefni stofnunarinnar. Ólína hafi verið metin út frá þessum forsendum, en ekki út frá kynferði. Um þann, sem ráðinn var í starfið, sagði stjórnarformaðurinn, að hann hefði fullnægt þeim skilyrðum, sem leitað var eftir, þegar talað var við umsækjendur, hafði

þekkingu á tölvubókhaldi og áætlunargerð, hafði unnið við slíkt í daglegu starfi. Það að hafa þessa þekkingu á kirkjulegu starfi, hafa verið vígður til prests og starfað sem slíkur hafi verið honum til framdráttar við ráðningu í starfið.

Í greindri auglýsingu um starf forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma var ekki gerð krafa um ákveðna menntun, en leitað „að einstaklingi, sem hefur menntun og þekkingu til að takast á við þetta starf“. Með þessu móti var ætlunin að höfða til fleiri, en jafnframt átti að tryggja það, að stjórn stefnda hefði frjálsar hendur við mat á þeim einstaklingum, sem myndu sækjast eftir starfinu. Verður að telja, að þannig fram sett hafi auglýsingin falið í sér töluvert svigrúm fyrir stefnda til að meta þau atriði, sem skiptu hann máli við val á umsækjanda. Ekki verður fram hjá því litið, að þeir umsækjendur um starfið, sem í fimm manna úrtakið voru valdir, virðast þannig hafa haft til að bera að álitu stefnda þá þekkingu og reynslu, sem sérstaklega var leitað eftir til að gegna starfinu.

Í bréfi kærufndar jafnréttismála til stefnda, dags. 17. janúar 1995, var m. a. óskað upplýsinga um menntun og starfsreynslu þess, sem ráðinn var, og hvaða sérstaka hæfileika hann hefði til að bera umfram stefnanda. Í svarbréfi stefnda, dags. 31. janúar 1995, segir svo um þessi atriði: „Þórsteinn Ragnarsson er stúdent frá MR 1971 og cand. theol. frá H. Í. 1978. Hann lauk þriggja missera námi í viðskipta- og rekstrarfræðum frá Endurmenntunarstofnun HÍ vorið 1991. Hann starfaði sem sóknarprestur á árunum 1978–1984 og sem deildarstjóri yfir viðskiptadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá 1984–1985. Viðskiptadeildin er 38 manna deild, sem sér um reikningsgerð, almenningstengslamál, útgáfumál og innheimtu. Rekstrarvelta deildarinnar er á ársgrundvelli rúmlega 100 m. kr., en deildarstjóri viðskiptadeildar ber ábyrgð á innheimtu rúmlega 400 m. kr. Þórsteinn var í tölvuþróunarnefnd RR og einnig í kynningarnefnd fyrirtækisins, sem sér um kynningu og útgáfumál RR. Hann hefur sótt öll þau námskeið, sem í boði eru á vettvangi tölvumála.“ . . . „Þegar menntun og starfsreynsla Þórsteins og Ólínú eru borin saman og haft í huga forstjórarstarf hjá KGRP, sem er sjálfseignarstofnun safnaða í Reykjavíkurprófastsdæmum, hefur Þórsteinn að mati framkvæmdastjórnar KGRP mikla yfirburði. Þessir yfirburðir hans felast a.v. í guðfræðimenntun hans og reynslu í safnaðarstörfum og haldgóðri menntun hans við Háskóla Íslands í viðskipta- og rekstrarfræðum ásamt tíu ára stjórnunarreynslu yfir viðskiptadeild RR, þar sem öll helstu fyrirtæki landsins eru í viðskiptum og um 50% íbúanna búa.“

Fýrr er rakið, með hvaða hætti úrvinnslu umsókna var hagað og hvernig að ráðningu forstjórans var staðið. Ekki verður annað séð en ráðning í

stöðuna og undirbúningur þeirrar ákvörðunar hafi verið með eðlilegum hætti. Þrátt fyrir meiri menntun Ólínu Torfadóttur en þess, sem ráðinn var í stöðuna, voru það önnur atriði, eins og fram er komið, sem vógu meira að mati stefnda við ákvörðun um ráðningu í starfið. Jafnréttislög girða ekki fyrir eðlilegt svigrúm atvinnurekanda við mat á starfshæfni, enda verða þau meginsjónarmið, sem stefndi hafði að leiðarljósi við ákvörðun um ráðningu í starfið, ekki talin ómálefnaleg. Þá ber til þess að líta, að ekki voru lög- bundnar sérstakar hæfiskröfur um forstjórastarfið og sjónarmið stefnda gátu samrýmst auglýsingunni, eins almennt og hún var orðuð.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til gagna málsins að öðru leyti verður að telja, að stefndi hafi nægilega sýnt fram á, að Ólínu Torfadóttur hafi ekki verið mismunað vegna kynferðis, þegar fram hjá henni var gengið við ráðningu í starf forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Er því ekki fallist á, að stjórn KGRP hafi brotið gegn ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 með ráðningu Þórsteins Ragnarssonar í það starf. Af því leiðir, að bætur verða ekki dæmdar, sbr. 22. gr. laganna. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að máls- kostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, kærunefndar jafnréttismála f. h. Ólínu Torfadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.